



Ritstjórnarstefna heimasíðu Hvalfjarðarsveitar

Inn á heimasíðuna skulu settar aðgengilegar upplýsingar fyrir þá sem síðuna nota, m.a. eftirfarandi:

Upplýsingar um stjórnarsýslu Hvalfjarðarsveitar, nefndir, helstu stofnanir og þess háttar.
Fundargerðir sveitarstjórnar og nefnda
Öll umsóknareyðublöð og fyrirbyggjandi reglur
Fréttir úr sveitarfélaginu
Tilkynningar
Annað það sem ritstjórn/ritstjóri ákveður hverju sinni

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes
Sími : 433 8500
Fax : 433 8501
Kt. 630606-1950

Einnig skal gera ráð fyrir aðsendum pistlum (að hámarki 500 orð), sbr. hér fyrir neðan. Þrír nýjustu pistlarnir eru birtir hverju sinni.

Gæta skal þess að upplýsingar um stjórnarsýslu og annað séu ætíð uppfærðar eftir breytingar, þannig að treysta megi því að þær upplýsingar sem þar er að finna séu réttar.

Birta skal fundargerðir sveitarstjórnar á heimasíðunni ekki síðar en næsta virka dag eftir fund. Fundargerðir nefnda skulu birtar eins fljótt og unnt er, en birta skal þann fyrirvara að nýjustu fundargerðir nefnda gætu átt eftir að fá endanlega staðfestingu sveitarstjórnar.

Gæta skal þess að halda heimasíðunni lifandi með því að setja reglulega inn á hana fréttir, a.m.k. einu sinni í viku. Miða skal við fréttir úr sveitarfélaginu sem sérstaklega höfða til íbúa Hvalfjarðarsveitar. Lesendum síðunnar er heimilt að tjá sig á heimasíðunni um einstakar fréttir, en það skal ætíð gert með nafni og heimilisfangi þess sem skráir inn álit sitt. Ritstjóra er heimilt að fjarlægja álit sem er ekki undirritað eða telst meiðandi eða til vansæmdar á einhvern hátt.

Fjölmiðlum er heimilt að birta fréttir af heimasíðu Hvalfjarðarsveitar án sérstaks leyfis, enda skal heimildar getið.

Heimasíða Hvalfjarðarsveitar er ekki vettvangur fyrir auglýsingar fyrirtækja. Hins vegar er heimilt að birta þar tilkynningar, enda skulu þær merktar sem slíkar. Með tilkynningum er átt við t.d. auglýsingar um spilakvöld, messur, tónleika og aðra menningarviðburði, skipulagðar gönguferðir o.s.frv.

Gera skal ráð fyrir aðsendum pistlum á heimasíðunni og skal sérstakur staður ætlaður þeim. Samþykki ritnefndar þarf fyrir birtingu pistla. Gera skal ráð fyrir að vakin sé athygli á nýju efni og nýjum pistlum með stuttri frétt á heimasíðunni. Aðsendar greinar skulu vera merktar höfundi og fjalla um efni sem höfðar sérstaklega til íbúa Hvalfjarðarsveitar og telst eiga erindi til þeirra. Heimilt er að hafna aðsendri grein, ef efni hennar telst meiðandi eða ef efni hennar er það almenns eðlis að það eigi betur heima í almennum fjölmiðlum.

Tilgreina skal ábyrgðarmann heimasíðunnar á síðunni sjálfri.